

Ed.

531. Lög

um Brunabótafélag Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl).

1. gr.

Brunabótafélag Íslands, stofnað með lögum 3. nóv. 1915, er gagnkvæmt ábyrgðarfélag með ábyrgð rikissjóðs fyrir allt að 800000 krónum og ábyrgð vátryggjenda eftir því, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Félagið tekur að sér eldsvoðatryggingar á húseignum utan Reykjavíkur og á lausafé, allt eftir þeim nánari ákvæðum, sem lög þessi og reglugerðir setja.

3. gr.

Skylt er að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þær eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skylt frá 15. okt. 1934 að tryggja í félaginu öll íbúðarhús utan kaupstaða og kauptúna, úr hverju efni sem þau eru byggð, svo og gripahús, hlöður og geymsluhús, sem þeim eru áföst þannig, að þau megi teljast vera í sameiginlegri brunahættu við íbúðarhúsin; ennfremur kirkjur, skólahús og samkomuhús.

4. gr.

Heimilt er félaginu að taka eldsvoðaábyrgð á öllum öðrum húsum í sveitum, svo sem gripahúsum og hlöðum. Sömuleiðis er félaginu heimilt að taka í ábyrgð í sveitum utan kauptúna innanstokksmuni og aðra húslóð, ennfremur hey í hlöðum og undir beru lofti og loks búpening í húsum. Í kauptúnum og kaupstöðum er félaginu einnig heimilt að taka í ábyrgð innanstokksmuni og húslóð, sem húseigandi á í hinum tryggðu húsum.

5. gr.

Vátryggingarupphæð húsa ákveðst með virðingargerð, og vátryggir félagið allt verð húsanna, þó má tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda. Lausafé skal tekið í ábyrgð eftir skrá, er eigandi semur með áætluðu sanngjörnu verða munanna.

6. gr.

Tryggingar félagsins skiptast í tvo flokka, og myndast af iðgjöldum til félagsins tveir tryggingarsjóðir, hvor fyrir sinn flokk:

1. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar í kaupstöðum og kauptúnum, 1. flokkur.
2. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar í sveitum utan kauptúna, hvort sem þær eru í skylduábyrgð eða frjálsri tryggingu, 2. flokkur.

7. gr.

Félagið leitar endurtryggingar eða samtryggingar („coassurance“) hjá öðrum tryggingarfélögum, fyrst og fremst innlendum, þannig að upphæðir þær, sem félagið hefir í eigin ábyrgð, fari ekki fram úr því, sem hér segir, á hverri einstakri áhættueiningu:

	Í kauptúnum og kaupstöðum	Í sveitum utan kauptúna.
1. Steinhús	kr. 20000,00	kr. 12000,00
2. Timburhús eldvarnarklædd	— 15000,00	— 10000,00
3. Önnur hús	— 10000,00	— 8000,00

Áhættueining getur hér verið einstakt hús eða fleiri en eitt hús, ef um sam-

brunahættu er að ræða, hvorttveggja að meðtöldu lausafé, sem tryggt kann að vera í húsunum.

8. gr.

Allir þeir, sem váttryggja í Brunabótafélagi Íslands samkvæmt 6. gr. 1. og 2. tölulið, eru félagsmenn þess. Félagsmenn ábyrgjast hver í sínum flokki hver gagnvart öðrum, að iðgjaldasjóður þess flokks standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi aðeins til eigna þeirra, sem váttryggðar eru í félaginu.

Skaðabóta má krefjast af félagsmönnum aðeins á þann hátt, að heimt sé inn aukagjald, er eigi sé hærra nokkurt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunaskirteininu.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með allt að 800000 kr., að félagið uppfylli skyldur sínar. Geti félagið eigi af eigin rammleik borgað skaðabætur, er skylt er að greiða, leggur ríkissjóður til það, er vantar, þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð.

Ef félagið hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er félagið hefir fengið af ríkissjóði, endurgreiðast smátt og smátt eftir því sem efni félagsins leyfa. Nú nemur það, er lagt hefir verið fram af ríkissjóði, meira en 50000 kr., og skal félagið þá gera váttryggjendum að greiða aukagjöld þannig, að það, sem fram yfir er 50000 kr., endurgreiðist ríkissjóði á 10 árum í seinasta lagi, ef unnt er, en ávallt skal gæta ákvæða 8. greinar um stærð aukaiðgjalda.

10. gr.

Váttryggingar á lausafé og húseignum samkvæmt 4. gr. gilda til þess tíma, sem tiltekið er í váttryggingarskirteini.

Enga fasteign, sem er í skylduábyrgð, má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt.

11. gr.

Félagið tekur ekki ábyrgð á tjóni, sem orsakast af landskjálfta eða ófriði, né heldur af tjóni, sem af því leiðir, að váttryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði, eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Félagið á auk þess rétt á að draga fjórðung af brunabótum, er váttryggjandi hefir út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamála-lögunum, eða ef hann hefir gengizt undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

12. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyrr en haldin hefir verið réttarrannsókn út af brunanum. Þó má félagið gera undantekningu frá þessu, ef tjónið nemur eigi meiru en 500 kr.

13. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má aðeins greiða til þess að gera við hús, sem skemmt hefir við bruna, eða endurbyggja á sama stað hús, er brunnið hefir,

eða þar sem félagið, í samráði við byggingarnefndir í kaupstöðum og kaup-túnunum og hreppsnefndir í sveitum, ákveður, og er félaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé réttilega varið. Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar greinar, þó svo, að 10—20% af brunabótaupphæðinni sé þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sé frá þessu ákvæði um frádrátt.

14. gr.

Þegar eignir þær, er tryggðar eru hjá félaginu, eru veðsettar, nær veð-rétturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til bruna-bótanna, á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra, svo sem með þarf, til þess að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa ekki hrokkið til.

15. gr.

Iðgjöld af fasteignum í skyldutryggingu hvíla á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til ríkissjóðs.

Öll skyldubundin iðgjöld til félagsins, virðingargjöld og skirteinagjöld má heimta með lögtaki.

16. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum fasteigna í skyldutryggingu skal vera 15. október. Nú eru eignir vátryggðar á öðrum tíma, og skal þá ávallt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. okt. þess, er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema vátryggt sé til skemmri tíma. Öll iðgjöld greiðast fyrirfram fyrir vátryggingartímabilið.

17. gr.

Nánari ákvæði um verksvið félagsins, virðingar, iðgjöld, endurtryggingu, brunatjón og brunabætur, ábyrgð félagsmanna og annað fyrirkomulag á málum þess, setur ríkisstjórnin með reglugerð.

18. gr.

Félagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík og stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar.

19. gr.

Félaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, er skipaður er af ríkisstjórninni. Félagið greiðir laun framkvæmdarstjóra og annan starfrækslukostnað.

20. gr.

Sjóðir félagsins skulu geymdir og ávaxtaðir sem hér segir:

- a. Handbært fé á vöxtum í peningastofnunum, sem fjármálaráðherra samþykkir.

b. Að öðru leyti í tryggun handhafaverðbréfum, sem fjármálaráðherra samþykkir.

Heimilt er þó, með samþykki atvinnumálaráðherra í hvert sinn, að verja af fé sjóðanna til sérstakra útlána gegn nægum tryggingum, ef þau á einhvern hátt eru til stuðnings starfsemi félagsins.

Ársreikningur Brunabótafélagsins skal endurskoðaður samkvæmt ákvæðum laga nr. 61, 8. sept. 1931, um ríkisbókhald og endurskoðun.

21. gr.

Félagið hefir umboðsmann í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakur hreppur. Að öðru leyti ræður félagið umboðsmenn eftir því, sem þörf er á.

22. gr.

Iðgjaldasjóði kaupstaða og kauptúna, sem félagið varðveitir samkv. 7. gr. laga nr. 54, 3. nóv. 1915, skal varið þannig, að fyrst séu greiddar af sameiginlegum eignum sjóðanna skuldir einstakra sjóða við Brunabótafélag Íslands og það, er hinir einstöku kaupstaðir og kauptún kunna að hafa greitt til að bæta brunatjón umfram iðgjöld, en afgangurinn sé látinn renna í tryggingarsjóð kaupstaða og kauptúna.

Hinn sameiginlegi brunabótasjóður samkv. 18. gr. laga nr. 35, 27. júní 1921, skal mynda tryggingarsjóð sveitabæja utan kaupstaða og kauptúna.

23. gr.

Brjótí váttryggjandi móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til brunabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð nánar tiltekur.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 10—500 kr., er renni í sjóð þann, sem brotið er við.

24. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lög-reglumál.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. okt. 1932.

Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun Brunabótafélags Íslands, lög nr. 53, 28. nóv. 1919, um breyting á þeim lögum.

Frá 15. okt. 1934 falla ennfremur úr gildi lög nr. 35, 27. júní 1921, um váttryggingu sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, svo og um lausafjártryggingar, en brunabótasjóðir samkvæmt 1. gr. þeirra laga verða frá sama tíma eign sveitarfélaga þeirra, er hlut eiga að máli, og má ekki skerða þá innstæðu án samþykkis sýslunefndar.